

# ✉ Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um væntanlegt deiliskipulag fyrir frístundabyggð í Vatnsfirði.

Búið til	11.6.2021 14:00:35
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	11.6.2021 14:00:34
Tilheyrir	📁 202106-0015 - Frístundabyggð í Vatnsfirði - skipulagslýsing

## Efni

Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um væntanlegt deiliskipulag fyrir frístundabyggð í Vatnsfirði.

## Upplýsingar

## Vinnsla

Sent	11.6.2021 14:00:34	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

## Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	vesturbyggd@vesturbyggd.is, elfar@vesturbyggd.is

## Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202106-0015 (SS).


Bæjarstjórn Vesturbyggðar auglýsti lýsingu á gerð deiliskipulags fyrir frístundabyggð í landi Flókalundar í Vatnsfirði. Formleg umsagnarbeiðni var ekki send til Náttúrufræðistofnunar Íslands en stofnunin vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri er varða skipulagsáformin.

Áætlað uppbyggingarsvæði er innan friðlandsins í Vatnsfirði. Í auglýsingu um friðlandið frá 1975 segir „að mannvirkjagerð og jarðrask og hvers konar breytingar á landi eru háðar leyfi [Umhverfisstofnunar].“ Allar framkvæmdir þarf því að ígrunda sérstaklega vandlega með tilliti til umhverfisáhrifa.

Auglýstir hafa verið friðlýsingarskilmálar fyrir nýjan þjóðgarð á Vestfjörðum sem friðlandið í Vatnsfirði myndi falla inn í.

Í 13. grein að auglýstri tillögu að friðlýsingu segir að „allar athafnir og framkvæmdir sem hafa varanleg áhrif á náttúru svæðisins [eru] bannaðar nema þær séu nauðsynlegar til að markmið friðlýsingarinnar náist“. Einnig að „mannvirki skulu falla vel að landslagi“. Ef kemur til þess að þjóðgarðurinn verði stofnaður og þessir skilmálar taki gildi, verða enn skýrari ákvæði um að stíga varlega til jarðar í uppbyggingu á svæðinu. Mikilvægt er að hugað sé að þessu.

Fram kemur í deiliskipulagslýsingunni að svæðið sem um ræðir sé raskað. Ef horft er á loftmynd af svæðinu (mynd tekin af map.is) þá virðist sem norðurhluti þess svæðis þar sem áætlað er að reisa ný frístundahús, sé ekki sérstaklega raskaður. Suðurhlutinn þar sem núverandi frístundabyggð er, sem vissulega er hluti framkvæmdasvæðisins, er sannarlega meira raskaður.



Á norðursvæðinu er töluvert birki kjarr sem samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er einkum vistgerðin kjarrskógavist sem hefur hátt verndargildi. Þá falla vistfræðilega mikilvægir birki skógar undir ákvæði 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka vernd. Leggja þyrfti frekara mat á verndargildi birki kjarrsins á svæðinu.

Áhugaverðar og verðmætar jarðminjar finnast í Vatnsfirði. Fornar trjáholur má t.d. sjá í hraunlögum í farvegi Pennu og því líklegt að þær finnast víðar á svæðinu. Þetta þarf að kanna betur, sérstaklega innan áætlaðs framkvæmdasvæðis.

Mikilvægt er í ljósi verndarstöðu Vatnsfjarðar að horfa heildstætt á skipulagsáform á svæðinu með tilliti til umhverfisáhrifa. Til umræðu hafa verið vegaúrbætur í Vatnsfirði. Skoða þarf áform um vegaúrbætur í samhengi við önnur uppbyggingaráform eins og þessi þannig að tryggt sé að heppileg vegstæði séu ekki útilokuð út af öðrum skipulagsáformum með þeim afleiðingum að ný vegstæði raski sérstaklega mikilvægum náttúruvæðingum. Hér er einkum átt við um fjörur í Vatnsfirði en fjöruvistgerðir og búsvæði fugla í fjörum fjarðarins hafa mjög hátt verndargildi. Þar eru einnig selalátur.

Stækkuð frístundabyggð leiðir einnig af sér aukna umferð fólks um svæðið þ.m.t. bílaumferð. Það getur valdið neikvæðum áhrifum á dýralíf einkum fugla og spendýr eins og seli. Ásýnd svæðisins verður einnig meira manngerð sem hæfir illa friðlandi. Hætta á umhverfisslysum eykst með aukinni viðveru og umferð fólks. Tryggja þarf öflugar mengunarvarnir t.d. tengt fráveitu. Einnig þarf að tryggja að ræktun erlendra plöntutegunda við frístundahús verði ekki heimiluð.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500.

[www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

## Viðhengi

image001.png (5 KB)

image001.png (5 KB)

image001.png (795 KB)